

Selfossi, 23. september 2020

2004184

Til bæjarráðs Svf. Árborgar

Greining á afkomutölum í 6 mánaða uppgjöri 2020

Þegar niðurstaða 6 mánaða uppgjors er greind og leiðrétt m.t.t. kjarasamninga er ljóst að halli aðalsjóðs umfram áætlun með viðaukum stafar af lækkuðum útsvarstekjum ársins. Raunlækkun útsvars er 70 milljónir króna fyrir fyrstu 6 mánuði ársins.

Neikvæð afkoma aðalsjóðs í uppgjörinu er 315 milljónir umfram áætlun og skýrist annars vegar af óleiðréttri lotun kjarasamningshækkana, 115 m.kr., og hinsvegar af lækkun á bókfærðu útsvari, 190 m.kr.

Útsvarstekjur

Eins og fram kemur í frávikagreiningu með 6 mánaða uppgjöri er niðurstaða aðalsjóðs 200 m.kr. neikvæðari en áætlun, þegar leiðrétt hefur verið fyrir kjarasamningshækkunum. Þetta frávik skýrist af því að bókfærðar útsvarstekjur eru rúmum 190 milljónum króna lægri en áætlun fyrstu sex mánuði ársins. Útsvarstekjur eru hinsvegar bókfærðar eftir greiðsluuppgjöri Fjársýslunnar, eins og almennt er gert hjá sveitarfélögum, en það gefur ekki rétta mynd af mánaðarlegri þróun. Greining á staðgreiðsluskrá RSK leiðir í ljós að raunveruleg lækkun útsvarstekna fyrstu sex mánuði ársins er um 70 milljónir króna. Þar vegur janúar mánuður þyngst og er 25 m.kr. undir spá, að líkindum vegna illskuveðra og vondrar færðar.

Horfur eru á að lækkun útsvarstekna frá áætlun 2020 verði um 100 milljónir króna þegar árið verður gert upp, í janúar/febrúar 2021. Þessi lækkun gæti þó orðið allt að 120 milljónir króna ef atvinnuleysi í sveitarfélaginu verður áfram um og yfir 6%.

Viðaukar ársins

Alls hafa nú þegar verið færðir 6 viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 og leiða þeir til verri afkomu í áætlun sem nemur 178 milljónum króna.

Viðaukar sem gerðir hafa verið vegna Covid-19 (hluti viðauka nr. 2 og nr. 4) leiða til 130 milljónum króna verri niðurstöðu í viðaukaáætlun en upphafleg áætlun ársins gerði ráð fyrir. Þar af eru 77 milljónir vegna lækkunar tekna úr Jöfnunarsjóði, 31 milljón vegna tekjulækkunar í leikskólum, frístund og Sundhöll og 15 milljónir vegna framlags til sumarstarfa fyrir námsmenn.

Aðrir viðaukar ársins hafa aukið útgjöld í áætlun um 48 m.kr. og er þar kostnaður vegna dómsniðurstöðu í sorpútboðsmáli frá 2011 stærsti liðurinn, eða 28 m.kr.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Minnisblað bæjarstjóra

Skerðing tekna og aukin útgjöld umfram samþykktu viðauka

Útlit er fyrir að framlög ársins frá Jöfnunarsjóði skerðist enn frekar en áður var ætlað, eða um 100 milljónir króna til viðbótar. Í byrjun september gefin út áætlun Jöfnunarsjóðs um tekjujöfnunarframlög ársins 2020, en hún er alla jafna birt að hausti. Þar kemur í ljós að framlög til Sveitarfélagsins Árborgar lækka um 157 milljónir króna frá fyrra ári. Framlagið til Svf. Árborgar verður þar með 93 m.kr. lægri en fjárhagsáætlun sveitarfélagsins gerir ráð fyrir, eða 101 m.kr. í stað 194 m.kr.

Eins og áður segir má gera ráð fyrir að útsvarstekjur ársins verði u.þ.b. 100 milljónum króna lægri en áætlun gerir ráð fyrir en ekki hefur enn verið gert ráð fyrir því í viðaukum við fjárhagsáætlun.

Útlit er fyrir að kostnaður í fjárhagsaðstoð og barnavernd verði ríflega 50 m.kr. yfir áætlun á árinu 2020 en sá viðbótarkostnaður fellur að mestu til á síðari hluta árs.

Ýmsum öðrum kostnaði vegna Covid-19 er haldið til haga komi til bótagreiðslna frá ríkinu vegna hans. Nú stendur m.a. yfir í samstarfi við ríkið um samantekt á kostnaði af sérstökum ráðstöfunum vegna viðkvæmra hópa. Sá kostnaður er nú bókfærður rúmlega 13 m.kr. hjá Árborg og er gert ráð fyrir að hann verði bættur úr ríkissjóði.

Horfur á afkomu ársins

Þegar allt ofangreint er saman tekið eru horfur á að afkoma Aðalsjóðs Svf. Árborgar 2020 verði um 400 milljónum króna lakari en upphafleg fjárhagsáætlun, fyrir gerð viðauka, gerði ráð fyrir. Upphafleg áætlun var um 80 m.kr. tap á aðalsjóði og nú eru því horfur á að tap Aðalsjóðs verði hálfur milljarður þegar árið 2020 verður gert upp. Samstæðan öll gæti því verið rekin með 300 milljóna króna halla á árinu 2020 og þarf að leita aftur til ársins 2009 til að sjá verri niðurstöðu úr rekstrinum.

Það er gríðarlega mikilvægt að framlög úr Jöfnunarsjóði verði endurskoðuð og leiðrétt, enda stafar nærri helmingur af fyrirséðum afkomubresti ársins 2020 af niðurskurði framlaga úr Jöfnunarsjóði.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Minnisblað bæjarstjóra

Sundurliðun vegna afkomutengdra þátta sem þegar blasa við Samtals 369 m.kr.

Lækkun Jöfnunarsjóðstekna

- Lækkun útgjaldajöfnunarframlags 92 milljónir
 - Lækkun tekjújöfnunarframlags 100 milljónir
 - Hækkun grunnskólaframlags 26 milljónir
 - Lækkun fast.sk.framlags 12 milljónir
- Alls kr. 178 milljónir**

Lækkun skatttekna

- Lækkun útsvarstekna 100 milljónir
- Alls kr. 100 milljónir**

Lækkun þjónustutekna

- Tekjulækkun leikskóla 16 milljónir
 - Tekjulækkun Frístund 7 milljónir
 - Tekjulækkun Sundhöll 9 milljónir
- Alls kr. 22 milljónir**

Aukin útgjöld

- Sumarstörf fyrir námsmenn 15 milljónir
 - Fjárhagsaðstoð 41 milljón
 - Barnavernd 13 milljónir
- Alls kr. 69 milljónir**

Ofangreind upptalning er ekki tæmandi. Covid tengdur kostnaður hefur t.d. fallið til vegna tölvumála, ræstinga, sóttkvía og veikinda. Þessum kostnaði hefur verið haldið til haga og verður kynntur síðar.

Virðingarfyllst,

Gísli Halldór Halldórsson
bæjarstjóri